
Ákvörðun um framkvæmd í flokki C

Heiti framkvæmdar	Nýr olíutankur í eldsneytisbirgðastöð EBK að Fálkavelli 8 á Keflavíkurflugvelli.
Framkvæmdaraðili	EBK ehf, Fálkavelli 8, Keflavíkurflugvelli
Sveitarfélag	Keflavíkurflugvöllur, svæði A (Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar)
Tegund framkvæmdar	Geymslutankur fyrir olíu. Utan verndarsvæða. Liður 6.05 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um MÁU.

Framkvæmdalýsing (stutt samantekt)

Bygging á um 3.800 m³ olíutanki á lóð EBK að Fálkavelli 8 á Keflavíkurflugvelli. Á lóðinni eru nú 3 tankar fyrir samtals um 3.000 m³ af olíu/flugvélaeldsneyti því er um að ræða rúmlega tvöföldun á geymslumagni á lóðinni. Bygð er þró umhverfis tankinn sem getur tekið við því magni sem í tanknum er. Olíutankur er úr stáli.

Var leitað umsagna?

Nei.

Byggingarleyfi útgefið af Sandgerðisbæ (nú Suðurnesjabæ) liggur fyrir.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af eðli framkvæmdar sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000

Já/Nei/Útskýring

Er framkvæmd umfangsmikil?	Nei
Er framkvæmd líkleg til að hafa sammögnunaráhrif með öðrum framkvæmdum?	Nei
Fylgir framkvæmd nýting náttúruauðlinda?	Nei
Fylgir framkvæmd úrgangsmýndun?	Mjög lítið. Jjarðvegur er tekið upp og fluttur á jarðvegstipp ca 1 – 2.000 m ³ .
Fylgir framkvæmd mengun eða ónæði?	Nei
Fylgir framkvæmd slyshætta?	Nei, ekki umfram hefðbunda byggingarvinnu við byggingu þróar og tanks.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af staðsetningu framkvæmdar með tilliti til hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000

Hefur framkvæmdin áhrif á:

Já/Nei/Útskýring

Þá landnotkun sem fyrir er eða fyrirhugaða landnotkun samkvæmt skipulagi?	Nei, framkvæmdin er innan lóðar sem EBK hefur haft í yfir 30 ár og er í samræmi við gildandi deiliskipulag á svæðinu.
Getu náttúruauðlinda á svæðinu til endurnýjunar eða magn þeirra og gæði?	Nei
Friðlýst svæði s.s þjóðgarða, friðlönd, náttúruvætti, fólkvanga?	Nei
Svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum vegna tiltekinnar vistkerfa og jarðminja s.s eldhraun, jarðhitasvæði og votlendi?	Nei
Svæði í verndarflokki rammaáætlunar, á náttúruverndaráætlun eða í náttúruminjaskrá?	Nei
Svæði sem njóta verndar samkvæmt sérlögum, (Mývatn og Laxá og Breiðafjörður)?	Nei
Svæði sem njóta verndar samkvæmt alþjóðlegum samningum s.s. Ramsarsamningnum og Bernarsamningnum?	Nei
Svæði sem njóta verndar vegna fornminja eða friðaðra mannvirkja?	Nei, engin slík eru á svæðinu skv. fornleifaskrá.
Vatnsverndarsvæði?	Nei
Hverfisverndarsvæði samkvæmt skipulagsáætlunum?	Nei
Víðerni?	Nei
Votlendi eða strandsvæði?	Nei
Landslag, ásýnd svæðis eða landnotkun?	Nei
Jarðmyndanir (t.d eldhraun, fossar, hverasvæði, eldvörp)?	Nei
Stöðuvötn, tjarnir, sjávarfitjar eða leirur?	Nei
Gróður og gróðurlendi (t.d. mýrar), Dýralíf (t.d. fuglar og fiskar)?	Nei
Loftgæði eða mengun?	Nei
Menningarminjar?	Nei
Samfélag, s.s. áhrif á íbúa eða atvinnu?	Nei

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af hugsanlegum eiginleikum umhverfisáhrifa með hliðsjón af eðli framkvæmdar og staðsetningu, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000

Umfang umhverfisáhrifa, þ.e. það svæði og fjöldi fólks sem ætla má að verði fyrir umhverfisáhrifum.	Mjög lítil. Engir íbúar eru í næsta nágrenni
Stærð og fjölbreytileiki áhrifa	Lítill.
Líkur á áhrifum	Litlar.
Tímalengd, tíðni og óafturkræfi áhrifa	Hægt er að fjarlægja mannvirkin að líftíma þeirra loknum.
Sammögnunaráhrif ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði	Lítill eða engin
Áhrif yfir landamæri	Nei

Niðurstaða

Niðurstaða skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar er að nýr olíutankur í eldsneytisbirgðastöð EBK að Fálkavelli 8, Keflavíkurflugvelli sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. viðmið í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Ákvörðun	Ekki háð mati
Kærufrestur	15. ágúst 2020

(Staðsetning) dags.

Keflavíkurflugvelli 13. júlí 2020

Undirskrift

